

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
Í stað orðanna „löggildingu rafverktaka“ í 10. tölul. 2. mgr. 13. gr. laganna komi:
tímabundna löggildingu rafverktaka.
2. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „meistaránámi rafiðna (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla“ í 4. tölul. a-, b-, c- og d-liðar komi: meistaránámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati menntamálaráðuneytis.
 - b. 3. mgr. d-liðar falli brott.
 - c. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
 - e. (13. gr. e.)
Peir einir, sem hlotið hafa löggildingu Neytendastofu til rafvirkjunarstarfa skv. 13. gr. a–d mega bera ábyrgð á setningu, breytingu og viðgerðum virkja.